

Þetta er hér með birt öllum þeim, sem hlut eiga að máli, og hefur verið lagt fyrir 142 hlutaðeigandi yfirkjörstjórn að undirbúa kosningu þessa og sjá um, að hún fari 8. ágúst fram lögum samkvæmt.

Í dómsmálaráðuneytinu, 8. ágúst 1945.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

um skömmtun á benzíni.

143

14. ágúst

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínskammtur bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. september til 31. desember 1945:

A. Fólksbifreiðir:

1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	8200 lítrar.
2. Almenningsbifreiðir, hálfkassabifreiðir og mjólkurflutninga- bifreiðir	4100 —
3. Leigubifreiðir þær, sem uppfylla ákveðin skilyrði	2500 —
4. Einkabifreiðir:	
a. Læknabifreiðir	800 —
b. Almenn stærð, 5—6 manna	400 —
c. Smábifreiðir, 15 hestafla og minni	300 —
d. Bifhjól	60 —

B. Vörubifreiðir:

1. Vörubifreiðir, 2 tonn og stærri	2900 —
2. Vörubifreiðir, 1½ tonn	2100 —
3. Vörubifreiðir, ¾ til 1¼ tonn	1400 —
4. Vörubifreiðir, smábifreiðir	700 —

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmtunarhefti til annarra nota en bifreiða-aksturs, samkvæmt reglum, sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Benzínskömmtunarmiðar frá fyrri skömmtunartímabilum falla úr gildi 1. september þ. á.

4. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannlutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. ágúst 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.